

Hverfisráð Hlíða

Ár 2015, fimmtudaginn 19. mars var haldinn 117. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn á Frístundamiðstöðinni Kamp að Þverholti 14 og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður, sem stýrði fundi, Kristinn Karl Brynjarsson og Kristján Freyr Halldórsson. Hrefna Guðmundsdóttir og Hilmar Sigurðsson boðuðu forföll og sat Gísli Rafn Guðmundsson fundinn í Hrefnu og og sat Stefán Rafn Sigurbjörnsson fundinn fyrir Hilmar. Jóhanna Halldórsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina. Þá sátu fundinn Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins undir 6. lið voru Þorsteinn Einarsson deildarstjóri Kamps, Ragnheiður Eyjólfsdóttir deildarstjóri Kamps og Dagbjört Ásbjörnsdóttir framkvæmdastjóri Kamps.

Þetta gerðist

1. Erindi varðar skort á hraðatakmakandi aðgerðum í Stigahlíð og fyrirspurn um stefnu borgarinnar hvað það varðar.

Óskað er eftir að fá svör frá USK fyrir næsta fund ráðsins í apríl.

Hver er stefna borgarinnar varðandi hraðatakmakandi aðgerðir í Hlíðahverfinu? Liggur fyrir áætlun um slíkar aðgerðir í hverfinu? Er til aðgerðaplan fyrir hraðatakmakandi aðgerðir almennt í íbúahverfum borgarinnar? Er til aðgerðaplan um bætt öryggi barna á leið til og frá skóla?

Þörf er á úrbótum víðs vegar í hverfinu. Ósamræmi er á milli gatna hvað varðar fjölda hraðahindrana. Samkvæmt skýrslu Vegagerðarinnar um hraðaminnkandi aðgerðir þurfa að vera um 70 metrar á milli hraðahindrana þar sem hraði á að haldast undir 30 km. á klst. og alls ekki meira en 150 metrar. Sem dæmi má nefna að í Stigahlíð eru 300 metrar á milli hraðahindrana. Frá húsi 42 og að blokkum að Stigahlíð 16.

Öryggi á gönguleiðum barna til og frá skóla er ábótavant og gera foreldrar barna í öllum skólum hverfisins ítrekað athugasemdir varðandi það.

Framkvæmdastjóra er falið að fá upplýsingar um hraðamælingar í hverfinu. Hraðamælingar. Lögregla mælir hraða bifreiða í hverfum borgarinnar. Óskað er eftir að borgin haldi utan um upplýsingar um hraðamælingar og birti niðurstöður þeirra á áberandi stað á vefsvæði borgarinnar. Upplýsingar mætti flokka eftir hverfum.

2. Niðurstöður kosninga í Betri hverfi.
Hverfisráð óskar eftir að haft verði samráð við Frístundamiðstöðina Kamp varðandi gerð skiltis með leiðbeiningum um útileiki.
Hverfisráð hvetur til að Eggerts Þórs Bernharðssonar sagnfræðings verði minnst við uppsetningu skilta um sögu bújarða á völdum stöðum í hverfinu.
Hverfisráð hvetur til að haft verði samráð við hönnunardeild Listaháskólans varðandi gerð fræðandi skilta um stríðsminjar í Öskjuhlíð.
3. Reykjavíkurborg íhugar að vera með málþing um loftgæðamál í Reykjavík 16. apríl nk. Formaður hverfisráð hefur samband við Heilbrigðis eftirlit Reykjavíkur.
4. Opin svör úr sveitarfélagakönnun Capacent
Hverfisráð tók fyrir fyrirspurnir og verða þær hafðar til hliðsjónar í vinnu ráðsins.
5. Styrkumsókn frá SAMFOK
Lögð fram umsókn um styrk frá SAMFOK. Hverfisráð samþykkir að veita SAMFOK styrkinn.
6. Kynning á Frístunamiðstöðinni Kampi.

Þökkum fyrir góða og skemmtilega kynningu á frábæru starfi frá starfsmönnum Kamps.

Fundi slitið kl. 19:07

Margrét Norðdahl
Kristján Freyr Halldórsson

Stefán Rafn Sigurbjörnsson
Gísli Rafn Guðmundsson